

GJALDSKRÁ

Akureyrarbæjar fyrir ýmis gjöld skv. skipulags- og byggingarlögum.

1. gr.

Fyrir byggingaleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið í gjaldinu byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Einbýlishús	68.054
Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð,	56.712 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	47.638 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	40.832 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærrí með fjórum íbúðum og fleiri	34.027 pr. íbúð

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur allt að 500 fermetrar	68.054
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfhlötur stærri en 500 fermetrar	90.738

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Þá er innifalið byggingaleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

	kr.
Sólstofur, garðhús, bílgeymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús, viðbyggingar allt að 20 ferm.	28.356
Viðbyggingar 20 – 100 fermetrar	39.698
Byggingaleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingaleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.	

2. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar	30.000
Hver endurskoðun aðaluppdráttar	7.000
Endurnýjun leyfis án breytinga	5.000
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	11.500
Vottorð vegna vínveitingaleyfa	11.500
Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	7.000
Framkvæmdaleyfi	11.500
Fyrir grenndarkynningu	32.500
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	20.000

Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi: Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsingarkostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt er að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2003 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2003 er 278 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 17. desember 2002.

Akureyri, 8. janúar 2003.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.